

Ár 2021, fimmtudaginn 15. apríl er í áfrýjunardómstól HSÍ í málinu nr. 1/2021:

Stjarnan Handknattleiksdeild

gegn

Handknattleikssambandi Íslands

og

Kvennaráði KA/Pórs

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r:

Mál þetta dæma Guðjón St. Marteinsson, Eiríkur Elís Þorláksson og Þorsteinn Einarsson.

Með tilkynningu til skrifstofu Handknattleikssambands Íslands („HSÍ“) 4. mars 2021 áfrýjaði Stjarnan Handknattleiksdeild („áfrýjandi“) dómi dómstóls HSÍ í kærumálinu nr. 1/2021 sem kveðinn var upp 1. mars 2021.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að úrslit leiks Stjörnunnar og KA/Pórs í Olísdeild kvenna sem fram fór 13. febrúar 2021 í TM-höllinni í Garðabæ verði leiðrétt og þau verði 26-26. Til vara er þess krafist að leikurinn verði endurtekinn.

Varnaraðili Kvennaráð KA/Pórs („varnaraðili“) krefst þess aðallega að kröfum áfrýjanda verði vísað frá dómi. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum áfrýjanda verði hafnað og hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Til þrautavara krefst varnaraðili þess „að ef til þess kemur að leikurinn verði endurtekinn, aðallega að [áfrýjandi] greiði allan ferða-, og uppihaldskostnað og annan tilfallandi kostnað varnaraðila vegna leiksins en til vara að HSÍ greiði þann kostnað.“ Í öllum tilvikum krefst varnaraðili málskostnaðar fyrir dómstól HSÍ og áfrýjunardómstól HSÍ að skaðlausu samkvæmt mati dómsins úr hendi áfrýjanda.

HSÍ lætur málið ekki til sín taka.

Með dómi áfrýjunardómstóls HSÍ uppkveðnum 18. mars 2021 voru úrslit umrædds leiks ómerkt og kveðið á um að leikurinn skyldi endurtekinn. Með ákvörðun áfrýjunardómstóls HSÍ 8. apríl 2021 var fallist á kröfu varnaraðila um að dómur áfrýjunardómstóls HSÍ frá 18. mars 2021 yrði endurupptekinn. Varnaraðili skilaði greinargerð 11. apríl 2021. Áfrýjandi setti fram athugasemdir sínar við greinargerðina 13. apríl 2021. Varnaraðili færði loks fram athugasemdir sínar 14. apríl 2021. Málið var dómtkið 14. apríl 2021.

I.

Leikur Stjörnunnar og KA/Pórs í Olísdeild kvenna fór fram 13. febrúar 2021 í TM-höllinni í Garðabæ. Í stöðunni 11-17 fyrir lið KA/Pórs skoraði leikmaður Stjörnunnar mark og átti því rétt staða að vera 12-17. Starfsmaður á ritaraborði skráði markið hins vegar á KA/Pór þannig að markatafla sýndi stöðuna 11-18. Skömmu síðar fengu dómarar leiksins ábendingu um að skráning hefði verið röng og var þá fært mark á Stjörnuna. Hins vegar var markið, sem skráð var á KA/Pór

samkvæmt framansögðu, ekki tekið af liðinu og því staðan tilgreind 12-18 þegar hún hefði átt að vera 12-17. Bæði lið skoruðu 26 mörk í leiknum en vegna framangreindra mistaka var skráð að leikurinn hefði endað 26-27, KA/Pór í hag. Dómarar undirrituðu leikskýrslu þess efnis.

Með bréfi 14. febrúar 2021 kærði áfrýjandi til dómstóls HSÍ úrslit leiksins daginn áður. Áfrýjandi gerði þær kröfur aðallega að úrslit leiksins yrðu leiðrétt og þau yrðu ákveðin 26-26 en til vara að leikurinn yrði endurtekinn. Með dómi dómstóls HSÍ 1. mars 2021 var kröfum áfrýjanda hafnað en málskostnaður felldur niður. Áfrýjandi skaut málínu til áfrýjunardómstóls HSÍ með bréfi dagsettu 4. mars 2021. Áfrýjunardómstóll HSÍ kvað upp dóm í málínu 18. mars 2021. Í dómsorði kom fram að ómerkt væru úrslit leiks Stjörnunnar og KA/Pórs í Olísdeild kvenna sem fram fór 13. febrúar 2021. Leikurinn skyldi endurtekinn. Varnaraðili krafðist enduruptöku dómsins með tölbuskeyti 18. mars 2021 og byggði þá kröfu einkum á því að hann hefði ekki fengið vitneskju um að málið væri rekið fyrir áfrýjunardómstólnum. Með ákvörðun 8. apríl 2021 féllst áfrýjunardómstóllinn á kröfu varnaraðila um enduruptöku og veitti honum frest til að skila greinargerð af sinni hálfu. Áfrýjanda gafst kostur á að gera athugasemdir af sinni hálfu. Málið var svo dómtekið að nýju 14. apríl sl.

II.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar m.a. á því að dómarar beri ábyrgð á talningu marka, en ekki starfsmenn á ritaraborði, sbr. grein 17.8 í leikreglum HSÍ. Framkvæmd á skráningu sé hjá riturum en ábyrgðin hjá dómurum. Ekki sé hægt að skilja á milli dómara, tímavarðar og ritara. Ritari og tímavörður séu ekki starfsmenn heimiliðs á meðan á leik stendur, þeir hljóti þjálfun og heimild frá HSÍ til að starfa á ritaraborði. Áfrýjandi bendir á nokkra dóma dómstóla HSÍ máli sínu til stuðnings. Meðal annars sé vísað til dóms dómstóls HSÍ í máli nr. 2/2018 og dóms áfrýjunardómstóls HSÍ í máli nr. 1/2018, sem vörðuðu sama leikinn, þar sem niðurstaðan hafi verið sú að leikur skyldi endurtekinn vegna mistaka í framkvæmd leiksins. Fordæmi þess máls felist í því að þar hafi verið skilið á milli mistaka í framkvæmd leiks annars vegar og mistaka dómara í leik hins vegar. Það styðji kröfur áfrýjanda um að galli á framkvæmd leiks valdi því að hann sé ógildur. Þá vísar áfrýjandi til erlendra dóma þar sem fallist hafi verið á að endurtaka leiki vegna mistaka við talningu marka.

Áfrýjandi byggir einnig á því að í hinum áfrýjaða dómi sé vikið frá fyrri fordæmum dómstólsins. Fordæmi þessa máls sé mikið og varði ábyrgð dómara og HSÍ á leikjum á vegum sambandsins. Ef ábyrgðarhlutverk HSÍ sé gert að engu um leið og dómarar skrifi undir leikskýrslu opni það á að ritrarar og tímaverðir hafi vald til þess að bæta við marki á annað liðið í von um að dómarar skrifi undir ranga leikskýrslu. Það sé grunn atriði í handboltaleik að öll lögleg mörk séu skráð en ekki sé heimild fyrir því að skrá mörk sem ekki séu löglega dæmd. Í umræddum leik hafi dómarar og aðstoðarmenn þeirra gert mistök sem feli í sér brot á leikreglum HSÍ. Mark verði aðeins dæmt gilt með einum hætti og mark skuli einungis skrá á einn hátt. Það sé ekki matsatriði dómarar í hverju tilfelli hvernig skrá skuli mark. Ekki skuli skrá mark samkvæmt lögum og reglum HSÍ sé það ekki dæmt.

Varnaraðili krefst aðallega frávísunar málsins. Hann byggir á því að kæru- og áfrýjunarfrestur, sbr. 35. og 41. gr. laga HSÍ, hafi verið liðinn og að formgallar samkvæmt 36. gr. hafi verið á málínunum að það hafi ekki verið tækt til meðferðar. Í því sambandi bendir varnaraðili á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi hafi málið upphaflega verið höfðað gegn Handknattleiksdeild KA en ekki Kvennaráði KA/Þórs sem fari með málefni þess liðs. Þar sem málið hafi ekki verið höfðað gegn réttum aðila hafi kærufrestur gagnvart varnaraðila með réttu átt að vera liðinn, sbr. 35. gr. laga HSÍ. Þá hefði áfrýjandi þurft að áfrýja málínun innan þriggja sólarhringa frá birtingu dóms dómstóls HSÍ. Ljóst sé samkvæmt málsmeðferðarreglum laga HSÍ að áfrýjanda hafi borið að skila gögnum til dómsins með sannanlegum hætti. Netfang dómstóla HSÍ sé samkvæmt lögum HSÍ hsi@hsi.is en áfrýjandi hafi sent beiðni um áfrýjun á framkvæmdastjóra HSÍ og því ekki á rétt netfang.

Í öðru lagi þá séu ákveðnar formkröfur tilgreindar í lögum HSÍ varðandi málatilbúnað, sbr. 36. gr., sem áfrýjandi hafi ekki fullnægt. Til að mynda hafi engin aðild verið tilgreind í áfrýjuninni og engin kröfugerð sett fram, og fleiri annmarkar hafi verið á áfrýjuninni.

Í þriðja sé mælt fyrir um það í 44. gr. laga HSÍ að öll brot á lögum og reglum HSÍ skuli heyra undir dómstóla HSÍ. Áfrýjandi hafi í engu sýnt fram á að nokkurt brot hafi átt sér stað á lögum HSÍ en málatilbúnaður áfrýjanda, sem sé verulega vanreifaður, virðist ýmist byggja á því að mistök hafi átt sér stað við framkvæmd leiksins eða að um mistök af hálfu dómara hafi verið að ræða.

Í fjórða lagi sé gagnaframlagningu ábótavant í málínu af hálfu áfrýjanda.

Í fimmsta lagi þá sé bent á það að með tilliti til núverandi sóttvarnarreglna sé ekki heimilt að endurspila leikinn vegna Covid 19. Hafi sóknaraðili því í raun ekki lögvarða hagsmuni af þeirri kröfum sinni í málínu.

Varakröfu sína um að hafna beri kröfum áfrýjanda reisir varnaraðili á því að ákvarðanir dómara í hverjum leik séu endanlegar og ekki kæranlegar, sama af hvaða toga þær geti verið. Leikskýrsla í umræddum leik hafi verið undirrituð af báðum dómurum að leik loknum sem þannig hafi endanlega staðfest þau úrslit sem fram hafi komið á leikskýrslu. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót skuli framkvæmdaraðili, þ.e. félag sem á heimaleik, fylla út leikskýrslu að leik loknum, þ.e. skrá úrslit, mörk, áminningar, brottvísanir og útilokanir sem og annað er tilheyri leikskýrslu. Starfsmaður áfrýjanda hafi séð um að skrá mörk og fylla út leikskýrslu og sé því áfrýjandi að hluta ábyrgur fyrir hinum meintu mistökum. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar skuli framkvæmdaraðili þó afhenda dómurum leikskýrsluna til yfirferðar og undirritunar.

Þá komi fram í grein 17.8 í leikreglum HSÍ að báðir dómrarar séu ábyrgir fyrir skráningu marka. Í grein 17.10 segi að dómrarar beri ábyrgð á því að leikskýrsla sé fyllt rétt úr. Í grein 17.11 komi fram að ákvarðanir dómara byggðar á mati þeirra á staðreyndum eða mati þeirra séu endanlegar og ekki kæranlegar. Í 16. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn segi að ekki sé hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli sem byggður sé á mati hans á stöðunni í hverju tilviki.

Leikskýrslan í umþrættum leik hafi verið undirrituð af báðum dómurum leiksins. Þá hafi dómarrarnir ekki gert athugasemdir við framkvæmda leiksins, sbr. 8. mgr. 13. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót. Báðir dómrarar leiksins hafi staðfest við skyrslugjöf fyrir dómstól HSÍ að

mat þeirra á staðreyndum hafi verið að leikurinn hafi endað 26-27 varnaraðila í hag og eigi sú niðurstaða að standa óhreyfð, enda hafi dómarar staðfest þau úrslit sem fram hafi komið á leikskýrslu. Mistök sem þessi séu á ábyrgð dómara og því hluti af leiknum sjálfum. Þá hafi dómstóll HSÍ áður tekið á samskonar atviki, sbr. mál nr. 1/2008.

Þá byggir varnaraðili á því að það að mark hafi verið oftalið hafi ekki haft þau áhrif að áfrýjandi tapaði leiknum. Atvikið hafi átt sér stað í fyrri hálfleik og hafi KA/Þór verið með verulega forystu í leiknum á þeim tíma.

Varnaraðili byggir enn fremur á því að ekki sé unnt að heimfæra umrætt atvik undir ranga beitingu leikreglna heldur einungis rangt mat dómara á staðreyndum, sbr. t.d. dóm dómstóls HSÍ í máli nr. 2/2019.

Kröfu áfrýjanda um að leikurinn skuli endurtekinn sé enn fremur mótmælt sem ótækri. Slík niðurstaða væri gríðarlega fordæmisgefandi og hættuleg fyrir þróun handboltans á Íslandi. Hafa beri í huga að ef viðlíka mistök gæfu tilefni til að endurtaka leiki gæti það leitt til þess að kærumálum innan handboltahreyfingarinnar myndi fjölgu verulega.

Loks sé bent á að með tilliti til sóttvarnarreglna sé ekki heimilt að endurspila leikinn.

Þrautavarakröfu varnaraðila kveður hann vart þarfnað skýringa, enda beri varnaraðili ekki á nokkurn hátt ábyrgð á þeirri stöðu sem sé uppi. Sé því ekki eðlilegt að hann beri fjárhagslegt tjón ef niðurstaðan sé sú að endurtaka þurfi leikinn.

III.

Varnaraðili krefst frávísunar málsins. Sú krafa er í fyrsta lagi byggð á því að upphafleg kæra og eftirfarandi áfrýjun hafi komið fram eftir að frestir samkvæmt VIII. kafla laga HSÍ voru runnir út. Upphafleg kæra hafi verið beint að röngum aðila og því kærufrestur liðinn gagnvart varnaraðila. Kæra áfrýjanda var sett fram 14. febrúar 2021 eða degi eftir að umræddur leikur fór fram og því innan frests samkvæmt 35. gr. laga HSÍ. Fyrir liggur að kæru til dómstóls HSÍ var beint að Knattspyrnufélagi Akureyrar. Í hinum áfrýjaða dómi kemur fram að aðild til varnar hafi verið breytt í núverandi varnaraðila „með samþykki aðila“. Verður málínu því ekki frávísað á þessum grundvelli.

Varnaraðili telur að um málskot til áfrýjunardómstóls HSÍ hafi einnig verið tilkynnt eftir að frestur samkvæmt lögum HSÍ var liðinn. Í því samhengi sé bent á að dómstólar HSÍ hafi samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga HSÍ netfangið hsi@hsí.is en fyrir liggi að tilkynning um áfrýjun hafi verið send framkvæmdastjóra HSÍ.

Í 2. mgr. 41. gr. laga HSÍ segir að frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skuli vera þrír sólarhringar frá birtingu dóms hafi málsaðilar ekki verið viðstaddir uppkvaðningu dóms dómstóls HSÍ. Samkvæmt gögnum málsins þá sendi dómari dómstóls HSÍ hinn áfrýjaða dóm til framkvæmdastjóra HSÍ kl. 13.39 þann 1. mars 2021. Framkvæmdastjórinn mun svo hafa sent aðilum málsins dóminn. Áfrýjun á domi dómstóls HSÍ barst HSÍ 4. mars kl. 12.01 og var áfrýjunargjald samkvæmt 41. gr. laga HSÍ innt af hendi í kjölfarið. Á þeim tíma var áfrýjunarfrestur ekki liðinn. Samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa aðsetur á skrifstofu

sambandsins og er tölvupóstnetfang dómstólanna hsi@hsí.is. Fyrir liggur að áfrýjun var send á framkvæmdastjóra HSÍ en ekki á tilgreint netfang. Framkvæmdastjóri HSÍ starfar sannanlega á skrifstofu sambandsins þar sem áfrýjunardómstóllinn hefur aðsetur. Ekki verður talið hafa þýðingu á hvaða netfang innan HSÍ tilkynning um áfrýjun var send eins og varnaraðili ber við. Verður því ekki fallist á frávísun málsins á þessum grundvelli.

Í öðru lagi byggir varnaraðili á því að reifun á aðild og kröfugerð hafi verið ábótavant í áfrýjunarskjali, sbr. 36. gr. laga HSÍ. Í ákvæðinu er tiltekið hvað skuli koma fram í kær til dómstóls HSÍ en m.a. eru það nöfn og kennitölur aðila, kröfugerð, málavextir, tilvísun til lagareglna og röksemda og lýsingu á gögnum. Kæra áfrýjanda til dómstóls HSÍ fullnægði þeim kröfum sem koma fram í ákvæðinu. Í 3. mgr. 41. gr. laga HSÍ kemur fram að sá sem hyggist áfrýja máli skuli senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst sé þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggi á, ásamt gögnum málsins. Er því ekki gerðar sambærilegar kröfur um tilgreiningu aðila og krafna og þegar um kær til dómstóls HSÍ er að ræða, sem fer eftir 36. gr. laganna, enda er þá leitað endurskoðunar á dómi þar sem þær upplýsingar liggja að jafnaði fyrir og þannig háttar til í þessu máli. Verður málínu því ekki vísað frá á þessum grundvelli.

Í þriðja lagi byggir varnaraðili frávísunarkröfu sína á því að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á að brot á reglum hafi átt sér stað en mælt sé fyrir um það í 44. gr. laga HSÍ að öll brot á lögum og reglum HSÍ skuli heyra undir dómstóla HSÍ. Í málínu liggur fyrir kæra áfrýjanda til dómstóls HSÍ og áfrýjun hans til áfrýjunardómstólsins. Í þessum skjölum er því lýst á hverju er byggt og hefur verið tekin afstaða til þeirra röksemda fyrir dómstól og áfrýjunardómstól HSÍ, þó dómur hins síðarnefnda hafi nú verið endurupptekinn. Þá var málið munnlega flutt fyrir dómstól HSÍ. Ekki verður séð að dómstólar HSÍ hafi ekki skilið málatilbúnað áfrýjanda þó fallast megi á það með varnaraðila að málatilbúnaður áfrýjanda mætti vera skýrari. Þá verður ekki séð að vörnum hafi verið ábótavant vegna þessa. Ekki verða gerðar sambærilegar kröfur og til framsetningar málatilbúnaðar fyrir almennum dómstólum heldur hefur mesta þýðingu að sjónarmið aðilanna skiljist eins og hefur verið raunin samkvæmt framansögðu. Koma röksemadir áfrýjanda til skoðunar við efnislega skoðun málsins. Ekki verður því fallist á frávísun vegna vanreifunar.

Í fjórða lagi byggir varnaraðili á því að gagnaframlagning í málínu sé ábótavant og standist ekki þær formkröfur sem eru settar fram í 36. gr. laga HSÍ. Fyrir áfrýjunardómstólnum liggja fyrir öll þau gögn sem dómstóll HSÍ hafði undir höndum. Verður því ekki fallist á að reglur um gagnaframlagningu leiði til þess að málínu verði vísað frá.

Í fimmta lagi bendir varnaraðili á að með tilliti til núverandi sóttvarnarreglna sé ekki heimilt að endurspila umræddan leik og skorti því á lögvarða hagsmuni áfrýjanda fyrir þeirri kröfu að leikurinn verði spilaður aftur. Komist áfrýjunardómstóllinn að þeirri niðurstöðu að leikinn beri að spila á ný felst ekki í þeirri afstöðu hvenær það skuli gert. Er það enda ekki á valdi hans að ákvarða tímasetningu þess. Verður því ekki heldur fallist á frávísun málsins vegna skorts á lögvörðum hagsmunum.

Samkvæmt öllu framansögðu er kröfu varnaraðila um frávísun málsins hafnað.

IV.

Af hálfu áfrýjanda er byggt á því að mistök hafi átt sér stað í leik Stjörnunnar og KA/Þórs í Oldísdeild kvenna sem fram fór 13. febrúar 2021. Mistökin hafi falist í því að starfsmenn ritaraborðs leiksins hafi ranglega fært mark á KA/Þór með þeim afleiðingum að liðið var talið hafa skorað 27 mörk í leiknum í stað 26 eins og raunin hafi verið. Dómarar hafi svo ritað undir leikskýrslu sem hafi verið röng. Ekki verður annað ráðið en að atvikin að þessu leyti hafi verið óumdeild í málinu þar til varnaraðili skilaði greinargerð sinni fyrir áfrýjunardómstól HSÍ. Þannig var atvikum að þessu leyti ekki mótmælt af hálfu varnaraðila í greinargerð fyrir dómstól HSÍ, heldur fremur tekið undir að atvikin hafi verið með þeim hætti sem áfrýjandi lýsir. Varnaraðili byggir nú á því að áfrýjandi hafi með engum hætti sýnt fram á í gögnum málsins að umrædd mistök hafi átt sér stað.

Til þess er að líta í þessu sambandi að dómarar leiksins hafa upplýst að mistök hafi átt sér stað með þeim hætti sem áfrýjandi byggir málatilbúnað sinn á. HSÍ hefur lýst því yfir að augljós mistök hafi átt sér stað. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja upplýst að í leik Stjörnunnar og KA/Þórs hafi síðarnefnda liðið skorað 26 mörk en 27 mörk verið skráð á liðið og það staðfest í skýrslu leiksins.

Þá er deilt um það í máli þessu hvort það eigi undir dómstóla HSÍ að endurskoða þau mistök sem gerð voru við skráningu marka í leiknum. Af málatilbúnaði áfrýjanda verður m.a. ráðið að hann telji að mistökin hafi átt sér stað við framkvæmd leiksins en verði ekki felld undir ákvörðun dómara sem byggð hafi verið á mati þeirra á staðreyndum. Varnaraðili byggir á hinn bóginn á því að ákvarðanir dómara í umræddum leik hafi byggst á mati dómarranna á staðreyndum eða öðru mati þeirra. Það sé ekki dómstóla HSÍ að endurmetsa ákvarðanir dómara.

Samkvæmt grein 17:11 leikreglna HSÍ segir að ákvarðanir dómara „byggðar á mati þeirra á staðreyndum eða mati þeirra eru endanlegar“. Í sama ákvæði segir að aðeins megi „áfrýja þeim ákvörðunum sem eru ekki í samræmi við leikreglurnar.“ Þá kemur fram í 16. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn að ekki sé hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli, sem byggður er á mati hans á stöðunni í hverju tilviki. Samkvæmt regluverkinu verður mat dómara á atvikum leiks sem fram fara á leikvelli ekki endurskoðað af dómstólum HSÍ. Hins vegar nær vald dómstólanna til að endurmetsa ákvarðanir sem eru andstæðar leikreglum og/eða varða framkvæmd leiks.

Við mat á því hvort mistökin sem gerð voru fíllu undir mat dómara leiksins verður að líta til þess að þau voru ekki hluti af dómgæslu leiksins heldur ákvörðun sem var upphaflega tekin á ritaraborði. Dómarar leiksins staðfestu röng úrslit leiksins með undirritun á leikskýrslu sem framkvæmdaraðili leiksins í skilningi 10. mgr. 7. gr. reglna HSÍ um handknattleiksmót fyllti út en dómrar bera ábyrgð á, sbr. grein 17:11 leikreglna HSÍ. Mistökin fólust samkvæmt framansögðu í því að skráð var mark sem ekki var skorað. Í leikreglum HSÍ er m.a. fjallað um það hvernig mark er skorað, sbr. 9. gr. þeirra. Sú ákvörðun að skrá mark ranglega á annað liðið og staðfesta skýrslu þannig ranga var því ákvörðun sem var ekki í samræmi við leikreglur í skilningi greinar 17:11 leikreglna HSÍ. Undirritun leikskýrslu sem hafði þennan annmarka felur í sér ákvörðun sem var ekki í samræmi við leikreglurnar. Mistökin voru gerð við framkvæmd leiksins en ekki í tengslum við ákvörðun dómara sem byggði á mati þeirra á staðreyndum. Það er því niðurstaða dómsins að mistökin geti komið til endurskoðunar dómstóla HSÍ.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að úrslit umrædds leiks verði leiðrétt og þau verði ákvörðuð 26-26. Fyrir liggur samkvæmt framansögðu að marki var bætt við á lið KA/Pórs í fyrri hálffleik leiksins. Samkvæmt 45. gr. laga HSÍ geta dómstólar HSÍ í dómsniðurstöðum, m.a. dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra. Að mati áfrýjunardómstólsins er það hins vegar ekki tæk niðurstaða að ákvarða tiltekna lokaniðurstöðu í umræddum leik og þannig dæma um úrslit hans í skilningi ákvæðisins. Umrædd mistök voru gerð í fyrri hálffleik í leik þar sem bæði lið skoruðu jafn mörg mörk og útilokað fyrir dómstóla að meta hvernig leikurinn hefði spilast ef ekki hefði komið til þeirra. Er því aðalkröfu áfrýjanda hafnað.

Til vara krefst áfrýjandi þess að leikurinn verði endurtekinn. Er það á færi dómstóla HSÍ að komast að slíkri dómsniðurstöðu, sbr. áðurnefnd 45. gr. laga HSÍ. Ljóst er að umrædd mistök höfðu mikil áhrif á úrslit leiksins og verður því ekki hjá því komist að fallast á að leikurinn skuli endurtekinn. Af því leiðir að úrslit leiksins eins og þau voru skráð í leikskýrslu gilda ekki.

Varnaraðili gerir þá þrautavarakröfu að ef til þess komi að leikurinn verði endurtekinn skuli áfrýjandi eða HSÍ bera kostnað varnaraðila sem hljótist óhjákvæmilega af því. Í áðurnefndri 45. gr. laga HSÍ er fjallað um valdsvið dómstóla HSÍ. Undir það vald, eins og ákvæði 45. gr. var þegar leikurinn fór fram og þegar málinu var skotið til dómstóla HSÍ, verður ekki fært að ákvarða hver beri kostnað við að endurtaka leiki og verður því að vísa frá domi þessari kröfu varnaraðila.

Áfrýjandi hefur ekki haft uppi kröfu um málskostnað fyrir áfrýjunardómstól HSÍ. Varnaraðili krefst málskostnaðar úr hendi áfrýjanda. Með hliðsjón af atvikum og úrslitum málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Kröfu varnaraðila, Kvennaráðs KA/Pórs, um frávisun málsins er hafnað. Vísað er frá domi þrautavarakröfu varnaraðila.

Aðalkröfu áfrýjanda, Stjörnunnar Handknattleiksdeild, um að úrslit leiks Stjörnunnar og KA/Pórs í Olísdeild kvenna, sem fram fór 13. febrúar 2021, verði leiðrétt og þau ákveðin 26-26 er hafnað.

Leikur Stjörnunnar og KA/Pórs í Olísdeild kvenna sem fram fór 13. febrúar 2021 skal leikinn aftur.

Málskostnaður fellur niður.

Guðjón St. Marteinsson

Eiríkur Elís Þorláksson

Porsteinn Einarsson

Rétt endurritt staðfestir: